

Nd.

210. Nefndarállit

um frv. til laga um dýralækna.

Frá minni hlnta landbúnaðarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frnmvarps. Meiri hlutinn vill halda tölu dýralækna eins og hún er nú, en minni hlutinn telur vel unt að komast af með 2 dýralækna. Býst jeg við, að almenningur geti hvort sem er ekki haft not dýralækna til að hjálpa eða lækna dýr, svo að nokkru verulegu nemi, en hinsvegar tveim læknum vel kleift að annast þá fræðslu, er æskilegt væri, að almenningi væri í tje látin í þessu efni, auk þess sem þeir nægja fullkomlega landsstjórninni til ráðuneytis í þessum málum.

Alþingi, 15. febr. 1928.

Jörundur Brynjólfsson.